

Ed.

323. Breytingartillögur

[88. mál]

við frv. til 1. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Bjargráðsjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður. . . .
2. Við 2. gr. Í stað „Bjargráðagjald“ í síðari másl. komi: Bjargráðasjóðsgjald.
3. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu. . . .
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Bjargráðastjórn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkisreikninganna án sérstaks endurgjalds.
5. Við 7. gr. Fyrir „bjargráðagjaldi“ komi: bjargráðasjóðsgjaldi.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir 1. marz ár hvert er prestum og öðrum þeim, er manntal hafa á hendi, skylt að láta innheimtumönnum bjargráðasjóðsgjalda í té skýrslu um íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við áramót, til afnota við útreikning og innheimtu gjaldanna.
7. Við 9. gr. Í stað orðanna „vera séreign hveirrar sýslu eða kaupstaðar“ komi: vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi.
8. Við 10. gr.
 - a. Í stað „bjargráðagjaldið“ komi: bjargráðasjóðsgjaldið.
 - b. Aftan við gr. bælist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú notar einhver sýsla eða bæjarfélag heimild þessarar greinar og hækkar framlag sitt til bjargráðasjóðs með leyfi ráðherra, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótargjaldinu, og rennur það í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélags.
9. Við 12. gr. Í stað „bjargráðagjaldi“ í síðustu málsgr. komi: bjargráðasjóðsgjaldi.
10. Við 13. gr.
 - a. Í stað „bráðabirgðastjórninni“ í 1. málsgr. komi: bjargráðastjórninni.
 - b. Í stað „veða“ í tölulið 3 komi: veði.